GUNNARSSTOFNUN

ÁRSSKÝRSLA

Gunnarsstofnunar

2021

Skriðuklaustur
Menningarsetur & sögustaður

Efnisyfirlit

Ágrip 1

Almennt um starfsemina 2

Stærri sýningar og viðburðir 3

- Ferð til fjár – 17. apríl - 24. maí 3
- Undir Klausturhæð og sýning um Gunnar skáld 3
- Miðaldaklaustrið í sýndarveruleika 3

Gallerí Klaustur 4

- Sýnendur í gallerí Klaustri 2021 4

Aðrir viðburðir 5

- Viðburðatal ársins 6

Þjónustusamningar 7

Samstarfsverkefni 8

- Saga Borgarættarinnar – 100 ára afmæli kvikmyndar 8
- Samstarf við Hagnýta menningarmiðlun í Háskóla Íslands 8

Alþjóðlegt samstarf 9

- STRATUS - verkefnið 9
- CADI-SHAC - verkefnið 9
- PHIVE - verkefnið 9
- HIVE - verkefnið 10
- Epic Residencies (ILN sjóður) 10

Útgáfa og upplýsingagjöf 11

- Útgáfa 11
- Heimasíða og samfélagsmiðlar 11
- Almenn kynning 11

Heimildasafn Gunnars 12

Menningarsjóður Gunnarsstofnunar 12

Gestaíbúðin Klaustrið 13

- Gestir Klaustursins 2021 13

Endurbætur, viðhald og lóðarframkvæmdir 13

Höfundarréttarmál 14

Félagsaðild Gunnarsstofnunar og fleira 14

- Önnur stjórnunarstörf forstöðumanns 14

Hugleiðing forstöðumanns 15

Ágrip

Starfsemi Stofnunar Gunnars Gunnarssonar árið 2021 bar þess merki að heimsfaraldur lokaði áfram á komur erlendra ferðamanna til landsins fram á mitt ár. Á móti kom að Íslendingar ferðuðust innanlands, ekki síst til Austurlands þar sem einmuna blíða ríkti allt sumarið. Safnið á Skriðuklaustri var ekki opnað fyrr en 17. apríl en var opið alla daga fram í miðjan október. Safngestir voru ívið fleiri en 2020 en fáir gestir af skemmtiferðaskipum og Norrænu vegna faraldursins. Tekjur af aðgangseyri og vörusölu jukust því lítillega. Margir fastir viðburðir féllu niður vegna farsóttarinnar en starfsemin komst í eðlilegra horf með haustinu. Grýlugleði, rithöfundalest og upplestur á *Aðventu* voru á sínum stað og auk fleiri stakra viðburða sem streymt var frá. Sýningar á Skriðuklaustri voru: Vorsýningin *Ferð til fjár*; fimm sýningar voru í gallerí Klaustri; sumarsýning í stássstofu var áfram *Undir Klausturhæð*, sýning um Gunnar var óbreytt og í Franziscu-herbergi var sýndarveruleiki klausturbyggingannа. Dvalargestir gestaíbúðar voru tólf auk nokkurra sem hlupu í skarðið vegna forfalla. Afmælisverkefni í tilefni 100 ára afmælis kvikmyndarinnar *Sögu Borgarættarinnar* lauk með frumsýningu í október á þremur stöðum samtímis á nýrri endurgerð myndarinnar með frumsaminni tónlist sem tekin var upp hjá Sinfóníuhljómsveit Norðurlands.

Lokagreiðsla vegna CINE-verkefnisins sem naut styrks úr Norðurslóðaáætlun ESB (NPA) fór fram á árinu. Gunnarsstofnun tók þátt í þremur öðrum styttri NPA-verkefnum, STRATUS, CADI SHAC og PHIVE sem einnig snúast um skráningu og miðlun á menningararfi með nýjustu tækni. Þeim lýkur öllum í júní 2022. Umsamið var að hluti af vinnutíma forstöðumanns og staðarhaldara færu í þau verkefni. Gunnarsstofnun skipulagði viðburði í tengslum við verkefnin, tók þátt í rafrænum fundum og viðburðum. Stofnunin er leiðandi aðili í PHIVE og ber ábyrgð á fjárreiðum og framkvæmd þess verkefnis.

Tveir starfsmenn voru í fullu starfi allt árið, forstöðumaður og staðarhaldari. Starfsmenn ráðnir tímabundið vegna verkefna og eða gestamóttöku voru fimm. Alls skiluðum starfsmenn um 39 mannmánuðum.
Skúli Björn Gunnarsson forstöðumaður í fullu starfi.
Ólöf Sæunn Valgarðsdóttir staðarhaldari í fullu starfi við gestamóttöku, stjórnun o.fl.
Mathias Bragi Ölvisson vann í tæpa þrjá mánuði við gestamóttöku og umhirðu.
Bríet Finnsdóttir vann í tæpa þrjá mánuði við gestamóttöku og umhirðu.
Ása Þorsteinsdóttir vann í tæpa þrjá mánuði við gestamóttöku og umhirðu.
Þórunn Þórsdóttir vann í tæpa þrjá mánuði við gestamóttöku og umhirðu.
Þá vann *Sigrún Júnía Magnúsdóttir*, nemi í tölvunarfræði við HR, í þrjá mánuði á styrk úr Nýsköpunarsjóði námsmanna.

Ný stjórn Gunnarsstofnunar tók við 1. janúar 2021. Hún þáði engin laun fyrir störf sín en hélt fjóra fundi á árinu: 16. mars, 2. júní, 17. sept. og 6. des. Fundirnir voru að flestir haldnir gegnum fjarfundabúnaðinn Zoom. Stjórn Gunnarsstofnunar er þannig skipuð:
Gunnar Björn Gunnarsson, kjörinn formaður, tilnefndur af menntamálaráðuneyti.
Varamaður hans: *Gunnar Martin Úlfsson*.
Steinunn Kristjánsdóttir tilnefnd af Háskóla Íslands.
Varamaður hennar: *Rúnar Helgi Vignisson*.
Sigríður Sigmundsdóttir, kjörin varaformaður, tilnefnd af Austurbrú ses.
Varamaður hennar: *Gauti Jóhannesson*.
Margrét Tryggvadóttir tilnefnd af Rithöfundasambandi Íslands.
Varamaður hennar: *Sindri Freysson*.
Annette Lassen tilnefnd af Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
Varamaður hennar: *Halldóra Jónsdóttir*.

Rekstrarframlag til stofnunarinnar á fjárlögum nam 51,7 m.kr. Aðrar tekjur námu um 19,2 m.kr. Rekstrargjöld voru tæpar 70 m.kr. og var tekjuafgangur að teknu tilliti til fjármagnsliða um 1,1 m.kr. Húsaleiga til Ríkiseigna vegna fasteigna á staðnum nam um 13,1 m.kr. Eigið fé stofnunarinnar í árslok nam tæpum 23 m.kr.

Gunnarshús er ekki síður fallegt uppfennt að vetrarlagi en á sólríkum sumardegi.

Almennt um starfsemina

Heimsfaraldurinn setti mark sitt á starfsemi Gunnarsstofnunar á Skriðuklaustri árið 2021 líkt og árið á undan þó að ekki hafi þurft að aflýsa eins mörgum viðburðum. Opnað var upp úr miðjum apríl og opið daglega fram í miðjan október. Opnun vegna stakra viðburða utan þess tíma var einnig umtalsverð. Alls var opið á Skriðuklaustri um 190 daga af árinu. Fáir skemmtiferðaskipahópar komu á staðinn en með haustinu komu örfáir hópar úr Norrænu. Tekjusamdráttur vegna þessara hópa var því verulegur annað árið í röð. Til að bæta það upp var sumarið hins vegar það heitasta og þurrasta í manna minnum á Austurlandi sem þýddi að í tvo mánuði var Héraðið fullt af íslenskum ferðamönnum sem fjölmenntu í Skriðuklaustur. Tekjur af aðgangseyri og vörusölu jukust því lítillega milli ára.

Heildargestafjöldi var meiri en árið á undan. Áætlað er að gestir staðarins að börnum meðtöldum hafi verið yfir 50.000 og hátt í þriðjungur þeirra komið inn á safnið. Gjaldskrá var ekki hækkuð milli ára, aðgangseyrir einstaklings er kr. 1.100 kr. fyrir 17 ára og eldri. Sextán ára og yngri fá frítt og öryrkjar og aldraðir greiða 550 kr. ásamt því að námsmenn fá 25% afslátt. Einnig er veittur hópafsláttur. Eins og árin á undan var leiðsögn um minjasvæðið aðeins í boði fyrir hópa gegn þóknun. Að öðru leyti fara gestir um það svæði sjálfir og lesa sér til á skiltum.

Heilársstarfsmenn voru forstöðumaður og staðarhaldari. Tímabundnir starfsmenn í gestamóttöku yfir sumarið voru fjórir og skiptu með sér vöktum ásamt staðarhaldara og forstöðumaður hljóp undir bagga ef með þurfti. Þá var einn háskólanemi að vinna með styrk úr Nýsköpunarsjóði námsmanna að því að afla myndrænna upplýsinga um fornar ferðaleiðir og jarðir miðaldaklaustursins. Starfsmenn gengu að venju í ýmis verk utan þess að taka á móti gestum. Má þar nefna garðvinnu í kringum húsið, slátt á minjasvæði, umhirðu blómabeða, vökvun og slátt á þaki og öll þrif innandyra. Bóndinn á Skriðuklaustri sá um að að slá flatirnar við Gunnarshús og stærra svæði. Þá kom vinnuhópur frá Landsvirkjun og vann með starfsmönnum að umhirðu á lóð í tvígang.

Þetta var tuttugasta og annað sumarið sem Skriðuklaustur er opið fyrir gesti. Staðurinn nýtur vinsælda, bæði sem ferðamannastaður og einnig sem staður til að heimsækja af sérstöku tilefni. Veitingastaðurinn Klausturkaffi hefur skapað sér sérstöðu og dregur ekki síður að gesti heldur en húsið, fornleifarnar og menningarstarfsemin. Klausturreglan er félagsskapur fyrir fasta gesti og þá sem vilja styðja við stofnunina. Til hennar teljast um 120 manns.

Stærri sýningar og viðburðir

Ferð til fjár – 17. apríl - 24. maí

Vorsýningin þetta árið var eins og oft áður unnin í samvinnu við Handverk og hönnun. Inntak hennar var íslenska sauðkindin og sýnd voru verk frá Önnu Gunnarsdóttur, Ásthildi Magnúsdóttur, Hélene Magnússon, Fræðasetri um forystufé, Sólóhúsgögnum og Ullarselinu. Á sýningunni voru handverk og listmunir ásamt ýmsum fróðleik um ull og sauðkindina. Sýningin vakti athygli og var ágætlega sótt þó að færra fólk hafi almennt verið á ferðinni þetta vorið.



Vorsýningin *Ferð til fjár* var unnin í samvinnu við Handverk og hönnun.

Undir Klausturhæð og sýning um Gunnar skáld

Meginsýning sumarsins í stássstofu Gunnarshúss var í grunninn hin sama og sett hefur verið upp undangengin sumur, helguð klaustrinu og rannsókn þess. Var hún sett upp í lok maí. Gestum fjölgaði þegar leið á júní og fram til loka júlí voru það mest Íslendingar en svo fóru erlendir gestir að birtast aftur í meira mæli. Margir Íslendinganna höfðu aldrei komið í Skriðuklaustur og nutu þess að fræðast um sögu staðarins.

Í skrifstofu skáldsins og í raun um allt húsið var áfram óbreytt sýning um Gunnar Gunnarsson, ævi hans og verk. Starfsfólk veitti leiðsögn um sýningarnar og sagði frá klaustrinu og Gunnari ásamt fleiru.



Rúmin þeirra Franziscu og Gunnars í svefnherberginu með fallegum ábreiðum vekja alltaf athygli og aðdáun gesta.

Miðaldaklaustrið í sýndarveruleika

Til viðbótar við sýninguna í stássstofu er sýndarveruleiki miðaldaklaustursins í Franziscuherbergi. Þar gátu gestir sett á sig Oculus höfuðtól og skyggnst inn í byggingar klaustursins fyrir 500 árum. Þrívíddarmódelið af byggingunum er unnið af sérfræðingum hjá St. Andrews háskólanum, m.a. í tengslum við CINE-verkefnið og fyrir styrki frá Uppbyggingarsjóði Austurlands. Síðsumars 2019 kom ný gerð af sýndarveruleikanum sem gerði gestum kleift að ganga um byggingarnar og svífa í kringum þær. Óhætt er að segja að sýndarveruleikinn hafi vakið mikla athygli hjá gestum sumarið 2021 og nutu ungir sem aldnir þess að skyggnast inn í tilgátuhús 16. aldar og fræðast þannig um miðaldaklaustrið.

Sýndarveruleiki klaustursins í Franziscuherbergi vekur áhuga ungra sem aldinna.

Gallerí Klaustur

Sýningar í gallerí Klaustri voru fimm þetta árið og gáfu gestum innsýn í ólíkar listgreinar.

Sýnendur í gallerí Klaustri 2021

Hafdís Sverrisdóttir (keramik)	*Í samspili við náttúruna*	23. maí - 7. júní
Nytjamunir frá Paradis Pottery, m.a. unnir út frá trjáviði.		
Gunnar Freyr Gunnarsson (ljósmyndir)	*Til móts við nýtt upphaf*	13. júní - 9. júlí
Náttúruljósmyndir frá ýmsum stöðum, m.a. nokkrar af Austurlandi.		
Auður Inga Ingvarsdóttir (keramik)	*Heimsókn í Skriðuklaustur*	10. júlí - 30. júlí
Rakubrennd keramikverk, m.a. fuglarnir sem listakonan er þekkt fyrir.		
Kristín Rut Eyjólfsdóttir (málverk)	*Konur í mynd*	31. júlí - 27. ágúst
Margbrotin málverk af konum.		
Ingrid Larssen (textíll)	*Hefð og endurnýjun*	16. sept. - 19. sept.
Textíl skúlptúrar, m.a. úr silki lituðu með jurtalitum.		

Fuglarnir hennar Auðar Ingu tóku sig vel út í galleríinu.

Kristín Rut sýndi málverk af konum.



Náttúrumyndir Gunnars Freys eru einstakar.

Nytjamunir Hafdísar Sverrisdóttur frá Paradis Pottery.

Listamannafélagið Mela bauð til tónleika á Skriðuklaustri í mars og fyllti stássstofuna á Klaustri.

Aðrir viðburðir

Auk framantalinna sýninga var eitt og annað á seyði á Skriðuklaustri þetta árið þó að minna hafi verið um staðbundna viðburði heldur en stundum áður vegna heimsfaraldursins. Annað árið í röð var ekki hægt að efna til **lombers**, hins gamla sagnaspil sem Gunnar mat mikils, reglulega yfir vetrartímann vegna samkomutakmarkana. Vegna samkomutakmarkana voru hvorki haldin töðugjöld né Fljótsdalsdagur en messað var á klausturrústum 22. ágúst, á kirkjudegi hinnar fornu kirkju á Skriðu.

Óvenjumargir tónlistarviðburðir voru á árinu. Fyrst kom listamannafélagið Mela með tónleikana *Komin til að vera, nóttin* laugardaginn 20. mars. Svo voru Berta Dröfn og Svanur Vilbergs (sem einnig eru í Mela) með tónleikana *Flökkusöngva*, 30. júní. Þá koma Rob Thorpe, sem dvaldi fyrir nokkrum árum í gestaíbúðinni, ásamt fríðu föruneyti Polar Institute og flutti m.a. verk samin á Skriðuklaustri, *Songs from Klaustrid*, 10. september. Hljómsveitin Mógil kom svo 27. nóvember og flutti tónsmíðar sínar innblásnar af *Aðventu* sem gefnar voru út fyrir nokkrum árum á geisladiski.

Rithöfundar voru einnig áberandi í dagskrá ársins. Sigríður Hagalín Björnsdóttir og Jón Kalman dvöldu í gestaíbúðinni í mars og af því tilefni var efnt til rithöfundaspjalls þann 21. mars. Austfirski rithöfundurinn Sveinn Snorri bauð til viðburðar vegna útgáfu nýrrar bókar, *Ferðalags til Filippseyja*, þann 17. október og var þeim viðburði einnig streymt. **Rithöfundalestin** renndi svo í hlað 14. nóvember með Sölva Björn Sigurðsson, Hildi Knútsdóttur, Kamillu Einarsdóttur, Hrönn Reynis og Árna Friðriksson innanborðs. Fleiri höfundum var bætt í dagskrána á Skriðuklaustri til að kynna austfirsk verk. Viðburðurinn var streymt þannig að allir gátu fylgst með á netinu. Gunnarsstofnun hafði umsjón með skipulagningu og fjármálum verkefnisins sem naut styrks frá Uppbyggingarsjóði Austurlands.

Í samvinnu við Sigfúsarstofu og afkomendur Óskars Halldórssonar var efnt til **Óskarsvöku** laugardaginn 30. október. Blönduð dagskrá í tilefni þess að 100 ár voru liðin frá fæðingu fræðimannsins og kennarans frá Kóreksstaðagerði var fjölsótt en einnig var hægt að horfa á hana í streymi.

Grýlugleði hefur verið fastur viðburður í upphafi aðventu síðan árið 2000. Samkomutakmarkanir komu í veg fyrir hefðbundna Grýlugleði árið 2020 en þá var gerð upptaka af ævintýralegri heimsókn Dvalins sagnaálfs í Grýluhelli þar sem hann var í beinu sambandi við gaulálfana. Mörg hundruð manns hafa horft á hana á Youtube-rás Skriðuklausturs.

Þetta árið var hægt að bjóða fjölskyldum að koma í Klaustur og hitta álfa og tröll. Til að takmarka fjölda í húsinu voru hafðar tvær sýningar sunnudaginn 28. nóvember og tókust þær með ágætum. Tökulið undir stjórn Ásdísar Thoroddsen, sem er að vinna heimildamynd um tröll, tók hluta af viðburðinum upp.

Síðasti viðburður ársins var að venju upplestur á *Aðventu* í Gunnarshúsum sem fór fram sunnudaginn 12. desember. Að þessu sinni las Þór Ragnarsson söguna á Klaustri og var upplestrinum einnig streymt. Á Dyngjuveginum syðra las Jóhanna Friðrika Sæmundsdóttir leikkona. Þá fékkst einnig leyfi hjá Ólafi Darra til að opna á aðgengi að upptökunni af lestri hans á Youtube-rás Skriðuklausturs frá árinu áður.

Viðburðatal ársins

Komin til að vera nóttin, tónleikar Mela-hópsins	20. mars
Rithöfundaspjall, Sigríður Hagalín og Jón Kalman	21. mars
Opnun vorsýningarinnar *Ferð til fjár*	17. apríl
Opnun á sýningu Hafdísar Sverrisdóttur í gallerí Klaustri	23. maí
Opnun á sýningu Gunnars Freys Gunnarssonar í gallerí Klaustri	13. júní
Flökkusöngvar, tónleikar Bertu Drafnar og Svans Vilbergs	30. júní
Opnun á sýningu Auðar Ingu Ingvarsdóttur í gallerí Klaustri	10. júlí
Guðsþjónusta beggja siða á klausturrústum	22. ágúst
Leiðsögn um klausturminjar, hluti af Norðurslóðaverkefnum	4. september
Songs from Klaustrid, tónleikar Rob Thorpe og Polar Institute	10. september
Stefnumót í gallerí Klaustri við listakonuna Ingrid Larssen	16.-19. september
Frumsýning á endurgerð *Sögu Borgarættarinnar* í þremur bíóum (Herðubreið)	3. október
Útgáfuviðburður Sveins Snorra: *Ferðalag til Filippseyja* (í streymi)	17. október
Óskarsvaka í tilefni 100 ára frá fæðingu Óskars Halldórssonar (í streymi)	30. október
Aðventa - tónleikar Mógils á Skriðuklaustri	27. nóvember
Grýlugleði - tvær sýningar með hefðbundinni dagskrá	28. nóvember
Aðventa - upplestur Þórs Ragnarssonar (í streymi)	12. desember

Jón Kalman og Sigríður Hagalín spjalla við gesti.



Rob Thorpe ásamt kunnum íslenskum hljóðfæraleikurum sem skipuðu Polar Institute.

Berta Dröfn og Svanur sungu Flökkusöngva.

Útimessa á klausturrústum í ágúst.

Ingrid Larssen bauð til spjalls í gallerí.

Drónamynd af Melarétt sem hlaðin var rétt eftir aldamótin 1900.

Þjónustusamningar

Menningarsjóður Stofnunar Gunnars Gunnarssonar gerði árið 2017 ótímabundið samkomulag um þjónustu Gunnarsstofnunar við sjóðinn sem kveður á um þau verkefni sem forstöðumaður á að sinna fyrir sjóðinn. Verkefnin snúast fyrst og fremst um umsjón með auglýsingum um styrki, úthlutun styrkja, eftirfylgni og upplýsingagjöf.

Þjónustusamningur við Fljótsdalshrepp var endurnýjaður í apríl 2021 og gildir til ársloka 2023. Samningurinn tekur til ákveðinnar þjónustu á sviði ferða- og menningarmála, t.d. sér stofnunin um að gera umsóknir, áfanga- og lokaskýrslur til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða. Þá situr forstöðumaður í svokölluðu markaðsráði Austurlands f.h. hreppsins, sem er vinnuhópur sveitarfélaga og Austurbrúar kringum verkefnið *Áfangastaðurinn Austurland*. Jafnframt stýrir Gunnarsstofnun Ferðaklasa Upphéraðs á grundvelli þessa samnings en í honum eru ferðaþjónustuaðilar, stofnanir og fyrirtæki sem starfa á svæðinu frá Vallanesi og upp í Laugarfell. Klasinn gefur út markaðsefni til að lokka til sín ferðamenn, heldur utan um heimasíðuna hengifoss.is og vinnur að nýsköpun og þróun þjónustu og upplýsingagjafar fyrir ferðamenn á svæðinu. Klasinn einbeitti sér að markaðssetningu gegnum samfélagsmiðla gagnvart Íslendingum á árinu og tókst það með ágætum. Einnig stóð klasinn fyrir gerð leikja fyrir ferðamenn til að vekja athygli á nýjum stöðum.

Ferðamenn á útsýnispallinum ofan við klausturminjarnar á Kirkjutúni en þangað lagði margur leið sína sumarið 2021.

Starfsfólk á Skriðuklaustri í starfsmannaferð á Fáskrúðsfirði við Franska spítalann í þægilegri Austfjarðaþoku eftir sumarhitann.

Samstarfsverkefni

Saga Borgarættarinnar – 100 ára afmæli kvikmyndar

Eitt af þeim samstarfsverkefnum sem Gunnarsstofnun vann áfram að 2021 var verkefni vegna 100 ára afmælis kvikmyndarinnar sem gerð var eftir *Sögu Borgarættarinnar* árið 1919 og frumsýnd í Kaupmannahöfn í ágúst 1920. Verkefnið hefur verið í undirbúningi um nokkurra ára skeið í samvinnu við Kvikmyndasafn Íslands og Dansk Film Institut. Til stóð að efna til hátíðarsýningar á myndinni með lifandi undirleik Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands á nýrri tónlist eftir Þórð Magnússon í Hörpu og Hofi á vordögum 2020. Hátíðarsýningum var frestað vegna faraldursins og um haustið 2020 var tekin ákvörðun um að hætta við slíkar sýningar og einbeita sér að upptökum á tónlistinni þegar aðstæður leyfðu. Þær aðstæður sköpuðust ekki fyrr en í febrúar 2021 þegar þrír tímar af tónlist Þórðar Magnússonar voru teknir upp í Hofi hjá Sinfóníuhljómsveit Norðurlands. Ný og vönduð uppgerð Kvikmyndasafn Íslands á myndinni með tónlist Þórðar var að lokum frumsýnd 3. október 2021 samtímis í Hofi Akureyri, Bíó Paradís í Reykjavík og í Herðubreið á Seyðisfirði. Gunnarsstofnun hélt utan um stóran hluta af þessu afmælisverkefni, sá um kynningarmál, umsóknir um styrki og fleira. Menningarsjóður Gunnarsstofnunar og Gunnarsstofnun lögðu nokkrar milljónir í verkefnið fyrir utan vinnuframlag forstöðumanns. Styrkir fengust einnig úr nokkrum íslenskum sjóðum. Myndin var sýnd í Ríkissjónvarpinu í byrjun árs 2022 og er á leið á kvikmyndahátíðir úti í heimi. Ágæt fjölmiðlaumfjöllun var um sýningarnar í október, bæði í blöðum og ljósvakamiðlum.

Þórður Magnússon tónskáld við upptökur á tónsmíði sinni við Sögu Borgarættarinnar hjá Sinfóníuhljómsveit Norðurlands í Hofi í febrúar 2021.

Samstarf við Hagnýta menningarmiðlun í Háskóla Íslands

Samstarfi Gunnarsstofnunar og námsleiðar um Hagnýta menningarmiðlun við Háskóla Íslands, sem hófst kringum CINE námsstefnuna í Gerðubergi 2018, var framhaldið á árinu. Forstöðumaður Gunnarsstofnunar kenndi þriðja sinni á haustönn 10 eininga áfanga undir heitinu *Leikjavæðing og menningarmiðlun*. Naut forstöðumaður fulltingis samstarfsaðila frá námsstefnunni auk fleiri til að miðla ýmsu varðandi leikjavæðingu og mikilvægi þess að nýta sér nýja tækni leikjaheimsins og aðferðafræði leikja til miðlunar á menningarefni.

Alþjóðlegt samstarf

STRATUS - verkefnið

STRATUS-verkefnið er stutt af Norðurslóðaáætlun ESB (NPA) líkt og CINE verkefnið sem stofnunin tók þátt í frá 2017-2020. Samstarfsaðilar eru Mayo County Council á Írlandi sem leiðir verkefnið, Ulster University á Norður-Írlandi og University of St. Andrews í Skotlandi. Markmiðið er að leita nýrra stafrænna leiða við að upplýsa ferðamenn um áhugaverða staði , sem búa yfir sögu og einstakri náttúru. Downpatrick Head í Ballymore í Mayo er aðalviðfangið í verkefninu. Innan STRATUS er unnið með leiðina frá Fljótsdal til Suðursveitar. Netgáttin kuula.co fyrir 360 gráðu sýndarferðalög var nýtt til að sýna leiðina með drónamyndum. Einnig er búið að endurgera í Unreal sýndarveruleika valda staði sem eru á leiðinni. Verkefnið helst í hendur við vinnu við myndræna framsetningu af eignum og jörðum klaustursins á 16. öld ásamt ferðaleiðum sem stutt hefur verið af Uppbyggingarsjóði Austurlands og Nýsköpunarsjóði námsmanna.

STRATUS átti að hefjast 2020 en því seinkaði vegna heimsfaraldurs. Lok eru 30. júní 2022. Fundur og vinnustofur verða í verkefninu á Austurlandi í júní 2022. Styrkur Gunnarsstofnunar nemur 9.012 evrum (um 1,3 m.kr.) og mótframlag er metið á 6.008 evrur, í formi vinnu. Fundir í verkefninu 2021 voru allir á netinu.

CADI-SHAC - verkefnið

Þetta er klasaverkefni hjá NPA með „lump sum“ uppgjöri. Gunnarsstofnun kemur inn í það úr CINE ásamt Ulster University. Önnur verkefni sem eru undir þessu eru Digi2Market sem aðilar á Norðurlandi vestra tóku þátt í og hefur Gunnarsstofnun sett sig í samband við SSNV vegna þessa og 1238 á Sauðárkróki. Þau verkfæri sem Digi2Market hefur þróað fara saman með því sem Upphéraðsklasinn hefur unnið. Það tengist líka 360 gráðu kynningarefni sem unnið er fyrir Múlaþing og Fljótsdalshrepp, m.a. í samvinnu við Gunnarsstofnun. Annað verkefni undir þessu kallast Storytagging og felur m.a. í sér að nýta þjóðsögur og frásagnir við vöruhönnun og byggja markaðssetningu á sagnamennsku. Gunnarsstofnun beinir sjónum að 360 gráðu sagnamennsku og leikjavæðingu í verkefninu.

CADI-SHAC er leitt af Robert Gordon University í Aberdeen (og Orkneyjum) en aðrir aðilar ásamt Gunnarsstofnun eru Ulster University og Údarás na Gaeltachta á Írlandi. Verkefnið hóf síðsumars 2021 og því lýkur 30. júní 2022. Fundur og vinnustofur verða á Austurlandi í júní 2022. Styrkur Gunnarsstofnunar nemur 12.000 evrum (um 1,7 m.kr.) og mótframlag metið á 8.000 evrur., í formi vinnu. Fundir í verkefninu 2021 voru allir á netinu.

PHIVE - verkefnið

PHIVE er annað klasaverkefni NPA með „lump sum“ uppgjöri sem hófst sumarið 2021. Það snýst um að koma á framfæri því sem hefur verið unnið í fimm Norðurslóðaverkefnum, þ.á m. CINE og STRATUS, sem snúast um nýtingu nýjustu tækni til miðlunar á menningararfinum. Einnig er ætlunin að koma á fót samstarfsneti á Norðurslóðum meðal þeirra sem vinna með stafrænan menningararf. Gunnarsstofnun vinnur með klausturnetið, leikjavæðingu og fleira úr CINE í þessu verkefni. Vinnustofur og kynningar voru haldnar á nærsvæðinu þegar færi gafst vegna Covid en meira um viðburði og þátttöku á netinu.



Frá upphafsfundi í PHIVE verkefninu í ágúst 2021. Hann var haldinn á netinu eins og flestir fundir verkefnisins þar sem strangar sóttvarnarreglur giltu um ferðir milli landa mest allt árið. Þannig sótti forstöðumaður ekki einn einasta fund til útlanda árið 2021 en nýtti fjarfundabúnað og netsamskipti til hins ítrasta við að halda verkefnum gangandi.

Gunnarsstofnun leiðir þetta verkefni og ber ábyrgð á lokaskýrslu og fjárreiðum. Verkefninu lýkur 30. júní 2022. Fundir og vinnustofur verða á Austurlandi í júní 2022 í kjölfarið á lokaráðstefnu sem verður í Reykjavík 16. júní. Hérlendir samstarfsaðilar að þeirri ráðstefnu eru: Háskóli Íslands, Háskólinn í Reykjavík, Tækniskólinn, Miðstöð stafrænna hugvísinda og lista, Minjastofnun Íslands, Þjóðminjasafn Íslands, Gagarín, 1238 á Sauðárkróki og EFLA.

Styrkur Gunnarsstofnunar nemur 18.000 evrum (2,6 m.kr.) og mótframlag metið á 12.000 evrur, í formi vinnu. Fundir í verkefninu 2021 voru allir á netinu.

HIVE - verkefnið

Þetta er brúarverkefni hjá NPA með „lump sum“ uppgjöri. Það var samþykkt í árslok 2021 en hefst 1. janúar 2022. Að því standa auk Gunnarsstofnunar, sem leiðir verkefnið og ber ábyrgð á lokaskýrslu og fjárreiðum, Mayo County Council, University of St. Andrews og Ulster University. Verkefnið snýst um að kortleggja stöðuna varðandi stafræna miðlun og varðveislu menningararfs á Norðurslóðum og sníða umsókn í nýja áætlun NPA út frá því og reynslu fyrri verkefna með stuðningi af því samstarfsneti sem stofnað verður gegnum PHIVE.

Verkefninu lýkur 30. júní 2022 og þá á ný umsókn að vera langt komin. Styrkur Gunnarsstofnunar nemur 18.000 evrum (2,6 m.kr.) og mótframlag metið á 12.000 evrur.

Epic Residencies (ILN sjóður)

Þetta verkefni er með styrk úr Íslands-, Lichtenstein- og Noregs-sjóðnum sem styður við þekkingaryfirfærslu til austurhluta Evrópu. Menningarmiðstöð í Kosice í Slóvakíu heldur utan um verkefnið en Tou Scene í Stafangri er líka aðili sem og Rithöfundasamband Íslands með Gunnarsstofnun. Upphaf verkefnisins dróst á langinn en það átti að hefjast í nóvember 2021 en frestaðist fram til 2022.

Hlutur Gunnarsstofnunar er 36.400 evrur eða um 5 m.kr. sem fara í ferðir og fundi, gestadvöl fyrir rithöfendur, vinnustofu fyrir unga höfunda úr minnihlutahópum og innflytjendur sem og bókmenntaviðburði. Samstarf er við RSÍ og einnig mun kaþólska kirkjan hjálpa til við að kynna vinnustofur fyrir hugsanlegum þátttakendum. Gert er ráð fyrir að fá rithöfunda frá Slóvakíu til dvalar á Skriðuklaustri og að íslenskir höfundar fari til Kosice. Þá mun stofnunin hjálpa til við að byggja upp gestaíbúðarverkefni í Kosice í húsi sem jafnframt hýsir safn um skáldið Sandor Marai. Lok þessa verkefnis eru í nóvember 2023. Allir fundir í verkefninu 2021 voru haldnir á netinu.

Gunnarshús var lýst í gulum litum eina viku í mars til stuðnings Samtökum um endómetríósu.

Útgáfa og upplýsingagjöf

Útgáfa

Gunnarsstofnun stóð ekki fyrir neinni formlegri útgáfu árið 2021. Prentaðar voru sýningarskrár fyrir gallerí Klaustur líkt og vanalega og *Klausturpósturinn* var sendur rafrænt til Klausturreglufélaga. Önnur útgáfa var ekki á vegum stofnunarinnar nema útgáfa ársskýrslu.

Heimasíða og samfélagsmiðlar

Notendur heimasíðunnar www.skriduklaustur.is voru 50% fleiri en 2020, um 15 þúsund alls. Síðuheimsóknir voru um 50 þúsund og meðaltími hvers notanda inni á heimasíðunni var um ein og hálf mínúta. Fjórðungur notenda voru ekki að nota síðuna í fyrsta sinn. Meira en helmingur notenda skoðaði síðuna gegnum farsímann sinn.

Dagleg miðlun upplýsinga og kynning fer orðið fram að mestu gegnum Facebook og Instagram. Þá er komið meira efni inn á Youtube-rás Skriðuklausturs og ætlunin að bæta í þann miðil sem er auðvelt að tengja við heimasíður og samfélagsmiðla. Jafnframt er lögð meiri áhersla á að streyma frá viðburðum á staðnum enda góður búnaður til slíks verið keyptur í tengslum við Evrópuverkefnin.

Upplýsingar á Google skipta æ meira máli og mikilvægt að gera grein fyrir opnunartíma og framboði þjónustu þar fyrir ferðamenn sem leita að spennandi kostum í nærumhverfinu á ferðalagi sínu. Skriðuklaustur heldur velli sem einn af þeim stöðum á Austurlandi sem fá hvað besta einkunn á TripAdvisor og Google.

Almenn kynning

Ekkert nýtt kynningarefni var unnið sérstaklega fyrir Skriðuklaustur heldur áfram treyst á lokkara Upphéraðsklasans til almennrar kynningar sem var endurútgefinn 2020. Auglýst var m.a. í Safnabókinni og Handpicked Iceland. Viðburðir voru auglýstir í Dagskránni og Austurglugganum. Klausturkaffi auglýsti staðinn í útvarpsauglýsingum auk þess sem Gunnarsstofnun tók þátt í útvarpsauglýsingum safna.

Heimildasafn Gunnars

Árið 2020 var ráðinn starfsmaður til að vinna í úrklippusafni Gunnars ásamt gestamóttöku. Þó að starfið hafi aðeins verið um 50% á ársgrundvelli það ár náðist stór áfangi í skönnun og flokkun á þýskum úrklippum úr skjalasafni Gunnars. Lauk þeirri vinnu snemma árs 2021. Úrklippusafn Gunnars er því tilbúið til yfirfærslu í venslaðan gagnagrunn hjá Lbs-Hbs þegar hann verður tilbúinn. Vonir standa til að það gerist á næstu misserum.

Menningarsjóður Gunnarsstofnunar

Menningarsjóður Stofnunar Gunnars Gunnarssonar varð til árið 2013 með fjármagni frá ríkinu sem samsvaraði fallbótum fyrir landi Skriðuklausturs við Jökulsá á Dal vegna Kárahnjúkavirkjunar. Árið 2015 var úthlutað í fyrsta sinn úr sjóðnum. Sjóðurinn er sjálfstæður en Gunnarsstofnun sér um umsýslu og er það eitt af verkefnum forstöðumanns. Á heimasíðunni www.skriduklaustur.is er hægt að sækja umsóknareyðublöð og skýrslueyðublöð ásamt því að skoða fundargerðir, fréttir og reglur. Helgi Gíslason, sem verið hefur formaður stjórnar frá upphafi sagði sig frá því starfi á árinu og Signý Ormarsdóttir varamaður tók við sem formaður. Í stjórn sjóðsins sátu í árslok 2021:

Signý Ormarsdóttir formaður, tilnefnd af stjórn Gunnarsstofnunar.
Gunnar Björn Gunnarsson, tilnefndur af mennta- og menningarmálaráðuneyti.
Sigríður Sigmundsdóttir, tilnefnd af stjórn Gunnarsstofnunar.

Ekki var auglýst eftir umsóknum fyrir árið 2021 heldur tekin ákvörðun um að sleppa úthlutun þetta ár og ávaxta sjóðinn. Stjórn Menningarsjóðs Gunnarsstofnunar samdi við Landsbanka Íslands um ávöxtun á fjármunum sjóðsins á sínum tíma og í árslok 2021 var eigið fé sjóðsins rúmar 72 m.kr.

Litskrúðugur lopi á sýningunni *Ferð til fjár* vorið 2021.

Bessasteinn og önnur steinatök framan við Gunnarshús bíða átaka.

Fánar Norðurlandanna blakta við hún á hverjum sumardegi á Klaustri.

Gestaíbúðin Klaustrið

Umsóknir um Klaustrið fyrir árið 2021 voru 34 og þar af 15 frá Íslendingum. Árið bókaðist vel og var flestum vikum úthlutað. Vegna heimsfaraldursins fengu nokkrir erlendir sem höfðu ætlað að koma 2020 að flytja dvöl milli ára. Forföll urðu lítil á árinu en reynt að fylla í þau skörð sem mynduðust með Íslendingum af biðlista. Samtals voru ónýttar vikur um sjö yfir árið.

Gestir Klaustursins þurftu að greiða staðfestingargjald fyrir íbúðina. Gestum var séð fyrir ferðum til og frá Egilsstöðum eftir þörfum. Alls gistu þrettán einstaklingar eða pör í Klaustrinu. Þá gistu nokkrir til viðbótar um skemmri tíma. Blanda lista og fræða var fjölbreytt að venju og vannst mönnum vel á Skriðuklaustri að eigin sögn.

Gestir Klaustursins 2021

Ásgrímur Angantýsson	Íslandi	Málvísindi
Sigríður Hagalín Björnsdóttir og *Jón Kalmann*	Íslandi	Ritlist
Einar Egilsson, Eydís Evensen og *Elías Helgi*	*Ísland*	Kvikmyndalist og tónlist
Hjalti Hugason	Ísland	Fræðimaður
Hafdís Sverrisdóttir	Ísland	Leirlist
Berta Dröfn og Svanur Vilbergs	Ísland	Tónlist
Kala Pierson	BNA	Tónlist
Sveinn Agnarsson	Ísland	Fræðimaður
Ingrid Larsen	Noregur	Listhandverk
Gaute Losnegård	Noregur	Fræðimaður
Ólöf Gerður Sigfúsdóttir	Ísland	Fræðimaður
Birgitta Guðmarsdóttir	Ísland	Ritlist
Sigríður Halldórsdóttir	Ísland	Fræðimaður

Endurbætur, viðhald og lóðarframkvæmdir

Ríkiseignir tóku við viðhaldi húsa á Skriðuklaustri árið 2016. Gunnarsstofnun greiðir fasta fermetraleigu á mánuði fyrir allar byggingarnar sem eru í umsjón stofnunarinnar og í staðinn sjá Ríkiseignir um viðhald og endurbætur. Samstarfið við Ríkiseignir, sem nú heyra undir Framkvæmdasýslu ríkisins, gekk vel á árinu og voru í upphafi árs lagðar línur um hvað væri brýnast að fara í með Austurlandsfulltrúa Ríkiseigna. Haldið var áfram með múrviðgerðir á svölum Gunnarshúss og byrjað í haustinu á að skipta um burðarbita og setja nýjar festingar fyrir uppistandara í handriði. Gengið verður frá handriði og sett íslenskt lerki í svalagólfið 2022. Innandyra voru minniháttar viðhaldsframkvæmdir.

Frá sýningunni *Ferð til fjár*, sem haldin var vorið 2021.

Gæsarunginn Gunnar sem vakti mikla athygli gesta sumarið 2021.

Höfundarréttarmál



Samkomulag erfingja um handhöfn höfundarréttarins hjá Gunnarsstofnun var endurnýjað árið 2017. Unnið var eftir útgáfuáætlun svo sem kostur var árið 2021 sem reyndist þó erfitt vegna heimsfaraldursins. Á árinu koma *Svartfugl* út í nýrri ítalskri þýðingu Mariu Valeriu d'Avine hjá Iperborea. Unnið var að gerð fleiri útgáfusamninga með Monicu C. Gram hjá dönsku umboðsskrifstofunni Copenhagen Literary Agency.

Réttur Kvikmyndafélags Íslands til kvikmyndunar á *Aðventu* var framlengdur til fimm ára með samningsviðauka sem undirritaður var af erfingjum í árslok. Forstöðumaður Gunnarsstofnunar undirritaði hann fyrir hönd Gunnars Björns Gunnarssonar, sem erfingja Franziscu Gunnarsdóttur, í samræmi við samkomulag þar að lútandi frá 2018.

Félagsaðild Gunnarsstofnunar og fleira

Gunnarsstofnun er aðili að **Samtökum um söguferðaþjónustu** (SSF). Forstöðumaður lét af störfum sem gjaldkeri í stjórn samtakanna árið 2019 en hefur setið sem varamaður í stjórninni síðan þá. Markmið samtakanna er að skapa þessari tegund ferðaþjónustu vettvang til samstarfs og markaðssetningar og eru þau með samning við ráðuneyti og í samstarfi við Íslandsstofu.

Forstöðumaður Gunnarsstofnunar hefur gegnum árin verið með **Ormsskrínið** í sínum skúffum þó að lítil starfsemi hafi verið í félaginu. Hann sér m.a. um að setja efni inn á heimasíðu félagsins, www.lagarfljotsormur.com og reynir að vekja athygli á arfleifð þessarar lifandi goðsagnar.

Gunnarsstofnun á hagsmunaaðild að **Austurbrú ses.** gegnum samstarfssamning við stoðstofnunina. Auk þess á Austurbrú 140.000 kr. stofnfjárframlag í Gunnarsstofnun frá því í tíð Atvinnuþróunarfélags Austurlands. Frá ársfundi í maí 2013 hefur forstöðumaður setið í starfsháttanefnd stofnunarinnar og gegnt þar formennsku.

Gunnarsstofnun fékk vottun Ferðamálastofu árið 2014 og flaggar fána **Vakans**. Árið 2017 náðist einnig að uppfylla umhverfisvottun Vakans en árið 2018 var allri umsýslu Vakans breytt. Gunnarsstofnun samdi árið 2019 við fyrirtækið Inspectionem um úttektir hjá sér og fékk síðast endurnýjun á vottuninni árið 2019.

Önnur stjórnunarstörf forstöðumanns

Forstöðumaður stofnunarinnar situr í skólanefnd **Menntaskólans á Egilsstöðum** og hefur verið formaður þar frá 2013.. Þá hefur hann setið í stjórn **Þjónustusamfélagsins á Héraði** sem ritari síðan 2017 en það félag vinnur að þróun ferðaþjónustu á Héraði. Einnig situr hann í **DMP stýrihópi** á Austurlandi og í stjórn **Veiðifélags Jökulsár á Dal**. Árið 2020 tók hann jafnframt að sér stjórnarsetu í **Skógarafurðum ehf**. fyrir hönd Fljótsdalshrepps.

Hugleiðing forstöðumanns

Faraldurinn sem skekið hefur heimsbyggðina síðustu tvö ár hefur kennt okkur að endurmeta margt í daglegu lífi og samskiptum okkar. Menningarstofnanir víða um lönd urðu allt í einu að skella í lás og læra að nálgast gesti sína eftir stafrænum leiðum. Aðgengi á netinu að söfnum og upplýsingum varð allt í einu miklu verðmætara en verið hafði og í hávegum haft af fjölda fólks sem sat heima hjá sér í einangrun eða sóttkví. Gunnarsstofnun er þar engin undantekning. Við vorum byrjuð á hinni stafrænu vegferð með þátttöku í alþjóðlegum verkefnum sem lutu að margmiðlun og menningararfi. Þátttaka í þessum verkefnum gerði okkur meðal annars kleift að fjárfesta í búnaði til að framleiða og senda út áhugavert efni fyrir fjarstadda gesti sem ekki gátu sótt okkur heim. Tæknigeta almennings hefur vaxið í faraldrinum og fleiri hafa á valdi sínu að nálgast streymi eða upptökur frá viðburðum. Því er yfirlýst stefna hjá Gunnarsstofnun að streyma frá sem flestum viðburðum á Skriðuklaustri hér eftir þar sem með því móti veitum við fleirum aðgang að okkar starfsemi.

Árið 2021 fer líkt og árið 2020 í reynslubanka sem við nýtum til að bæta okkur og ná til fleiri. Gunnarsstofnun hefur með þátttöku sinni og forystu í verkefnum sem studd eru af Norðurslóðaáætlun ESB sýnt og sannað að lítil menningarstofnun úti í sveit á fullt erindi í samstarf við háskóla og aðrar stofnanir, jafnt innanlands sem erlendis. Nýsköpun á sviði menningarmiðlunar er á færi fámennra stofnana ekki síður en fjölmennra en hún útheimtir mikla vinnu sem ekki má koma niður á daglegu starfi. Samningur við mennta- og menningarmálaráðuneytið rann út um áramót 2020 en var framlengdur til ársloka 2021. Þegar þessi orð eru rituð hillir undir nýja samning sem gilda mun til ársloka 2024. Í honum eru engar hækkanir á krónutölum þrátt fyrir að verðbólga hafi nú rýrt verulega framlögin sem haldist hafa óbreytt síðustu ár. Það er því ekki útlit fyrir að hægt verði að fjölga heilsársstarfsmönnum hjá Gunnarsstofnun á næstu árum nema til komi sértæk verkefni með góðum styrkjum – en þau útheimta líka mikla vinnu.

Síðustu ár hefur þungi miðlunar á staðnum farið í klaustursöguna með sköpun sýndarveruleika, tilraunum í viðauknum veruleika, leikjavæðingu og ýmis konar annarri miðlun. Meistaraverkefni forstöðumanns í Hagnýtri menningarmiðlun við Háskóla Íslands leggur línurnar fyrir nýja miðlun á verkum Gunnars og ævi hans. Næstu misserin verður unnið að því að hrinda þeim hugmyndum í framkvæmd og gera tilraunir með margvíslegar tækninýjungar til að freista þess að auka áhuga gesta á verkum skáldsins og afla nýrra lesenda. Að mati undirritaðs er það ein af frumskyldum rithöfundasafna að vinna markvisst að öflun lesenda því að höfundurinn hverfur af sjónarsviðinu ef að enginn les verkin lengur. Gunnarsstofnun hefur meiri möguleika í þessum efnum en mörg önnur skáldasetur þar sem fjölskylda höfundarins fól stofnuninni að fara með höfundarréttinn. Þannig er hægt að vinna að öflun nýrra útgefenda og að kveikja neista listamanna og annarra til að skapa eitthvað nýtt á grundvelli eldri verka. Á síðasta ári var tónsmíði Þórðar Magnússonar við hina hundrað ára gömlu þöglu kvikmynd eftir *Sögu Borgarættarinnar* hápunktur slíkrar sköpunar og sannaði hvernig gamalt verk getur öðlast nýtt líf fái það nýja vængi, að þessu sinni í formi tóna og stafrænnar endurvinnslu hinnar gömlu filmu.

Það er enginn hörgull á hugmyndum og verkefnum hjá stjórn og starfsfólki Gunnarsstofnunar. Starfsemin á Skriðuklaustri nær langt út fyrir túngarðinn og landsteinana og er til mikils menningarauka, svo sem hjónin vonuðust til þegar þau gáfu þjóðinni jörðina árið 1948.

Skriðuklaustri 27. júní 2022
Skúli Björn Gunnarsson forstöðumaður